



# TÍÐINDI

af vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga

10. töl. nóvember 2013



## Meðal efnis:

Dreifistýring og sameining sveitarfélaga	2
Umhverfismál	4
Sveitarstjórnarkosningar	6
Innleiðing fjármálareglna	8
Skólaþing sveitarfélaga	10
Samvinnuverkefnið „Stígur“	12

# ALÞJÓÐAMÁL

## Dreifstýring og sameining sveitarfélaga



Dagana 4. og 5. nóvember hittust framkvæmdastjórnir evrópskra sveitarfélagasambanda í Brussel undir merkjum Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða (CEMR). Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, sat fundinn. Meðal viðfangsefna á fundinum var umræða um dreifstýringu og sameiningu sveitarfélaga.

Fyrir utan hefðbundin stjórnarstörf fjölluðu framkvæmdastjórnir m.a. um samstarf sveitarfélaga innbyrðis og við einkaaðila og áhrif nýrra evrópskra reglna um sérleyfi og innkaupamál á slíkt samstarf. Nýjar innkaupareglur og sérleyfissamningareglur munu gilda á Íslandi á grundvelli EES-samningsins, brýnt er að tryggja að innleiðing reglnanna verði sem einföldust, regluverkið verði ekki „gullhúðað“ og

komið sé í veg fyrir óþarfa stjórnsýslubyrðar fyrir sveitarfélög.

Á tímum niðurskurðar hefur samstarf sveitarfélaga víða verið nauðsynlegt til að hagræða og fjöldi sveitarfélaga í Evrópu deilir t.d. upplýsingatækni- og bókhaldskerfum, framkvæmdastjórn o.fl. eða þá eitt sveitarfélag annast þjónustu fyrir fjölda annarra. Á Íslandi er

ljóst að óháð sparnaði og hagræðingu þá hafa minnstu sveitarfélögin takmarkaða burði til að taka við flóknum verkefnum frá ríkinu, eða jafnvel til að taka þátt í flóknum samstarfsverkefnum með stærri sveitarfélögum.

### Markmiðið að efla fjárfestingu, ná hagræðingu og nýta sérþekkingu

Kostir og gallar samstarfs sveitarfélaga við einkaaðila voru einnig til umfjöllunar. Markmið samstarfs af slíkum toga er að efla fjárfestingu, ná hagræðingu og nýta sérþekkingu einkageirans. Dæmi um slíkt eru t.d. samningar um opinberar byggingar, s.s. skóla, spítala, fangelsi, bókasöfn o.fl. Einkafyrirtækið reisir og rekur bygginguna en sveitarfélagið greiðir leigu en annast almannaþjónustuna í húsinu sjálf. Stundum





virkar samstarfið þrýðisvel en getur verið dýrt þar sem sveitarfélagið tekur áhættuna. Hætta er á að fjármál séu ógagnsæ og ef einkafyrirtækið verður gjaldþrota ber sveitarfélagið skaðann.

Á fundinum var einnig fjallað um umbætur á sveitarstjórnarstiginu í Evrópu, síaukna dreifstýringu og flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Sá böggull fylgir skammrifi að auknum skyldum fylgir ekki alls staðar fjármagn. Smærri sveitarfélög eiga á brattann að sækja en segja

má að þau veiki sveitarstjórnarstigið í heild til að fást við stærri og flóknari verkefni. Þrýst er á sameiningu innan ESB, einkum vegna aukinnar áherslu á svæði þar sem stærri einingar eru betur í stakk búnar til að taka við styrkjum úr byggðasjóðum sambandsins. Sérstaklega eiga lítil sveitarfélög í nágrenni stórborga erfitt uppdráttar; þar vegur þrýstingur á sameiningu víða að sjálfstjórnarrétti þeirra og staðbundnu lýðræði.



# UMHVERFISMÁL



## Að loknu umhverfisþingi 2013

Á [umhverfisþingi](#), sem haldið var 8. nóvember sl., var lögð áhersla á að fjalla um landnýtingu. Tvær málstofur voru haldnar um þetta málefni. Fjallaði önnur um sjálfbæra landnýtingu og hin um skipulag haf- og strandsvæða. Þessi umfjöllunarefni áttu vel við með tilliti til þess að í lok október kynnti umhverfis- og auðlindaráðherra áherslur sínar við gerð landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2015-2026. Áherslurnar eru fjórar að þessu sinni og eru fyrstu þrjár liðirnir óbreyttir frá þeirri vinnu sem lauk í byrjun þessa árs en fjórði liðurinn er nýr:

1. Skipulag á miðhálandi Íslands
2. Búsetumynstur – dreifing byggðar
3. Skipulag á haf- og strandsvæðum
4. Skipulag landnotkunar í dreifbýli

Á umhverfisþinginu hélt Ragnar Frank Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar Borgarbyggðar, erindi um þá áskorun sem felst í því fyrir landstór sveitarfélög að kortleggja landnotkun og setja stefnu í aðalskipulag um að rýra ekki gott ræktunarland ([slóð á bæði glærur og erindi Ragnars á vef UAR](#)). Fleiri áhugaverð erindi voru flutt um landnýtingu í dreifbýli eins og

sjá má á heimasíðu umhverfisráðuneytisins. Líflegar umræður voru á þinginu um markmið landnýtingaráætlunar í dreifbýli og var m.a. haldið á lofti því sjónarmiði af hálfu sveitarfélaga að gagnlegt væri fyrir sveitarfélögin að sett yrði fram stefna eða almenn leiðarljós í landsskipulagsstefnu um þetta efni en að slík stefna ætti ekki að leiða til skerðingar á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Þannig sé t.d. ekki sjálfgefið að farin verði sú leið sem lögð er til í drögum að frumvarpi um breytingar á jarðalögum ([sjá frétt á vef SLR frá 3. mars 2013](#)), að það verði landbúnaðarráðherra sem taki ákvörðun um hvort fallist er á beiðnir um að taka land úr landbúnaðarnotum.

Fjöldmörg önnur álitafæni voru rædd á umhverfisþingi. Sérstaka athygli vakti einörð andstaða þingfulltrúa sem til máls tóku við þá ákvörðun atvinnuvegaráðherra að taka upp [náttúrupassa til að fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir á ferðamannastöðum](#).

Nánar vísast til erinda Önnu Dóru Sæþórsdóttur og Ásborgar Áspórsdóttir um það álitafæni á þinginu.





## Málþing um sjálfbær sveitarfélög

Sambandið hélt þann 7. nóvember sl. málþing um *Sjálfbær sveitarfélög – áskoranir og lausnir*. Flutt voru tíu erindi sem endurspeglu fjölbreytileika þeirra verkefna sem stuðla að aukinni sjálfbærni. Ragnar Frank Kristjánsson, forseti sveitarstjórnar Borgarbyggðar ávarpaði málþingsgesti og greindi m.a. frá því hvernig hann sér fyrir sér að auka vægi sjálfbærni í heimabyggð sinni, m.a. með hliðsjón af fyrri störfum í þágu náttúruverndar.

Elva Raket Jónsdóttir frá Umhverfisstofnun fjallaði um nýútkomna skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um norræna stefnumótun um sjálfbæra neyslu. Í skýrslunni eru raktar tíu goðsagnir á sjálfbæra þróun. Nefna má goðsagnir á borð við að ef allir leggi sitt af mörkum náist töluverður árangur, eða að smáar og auðveldar aðgerðir séu smitandi og leiði til stórfelldari breytinga. Skýrslan sýnir að stjórnvöld verða að beita sér í mun meira mæli en þau hafa gert til þessa og notast við mun fjölbreyttari leiðir til að ná árangri.


Þrjú erindi fjölluðu um skipulagsmál og sýna að snjallar lausnir eru fyrir hendi, hvort sem það er í þéttbýli eða dreifbýli. Greint var frá því að samstarf er hafið milli Landverndar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar um hugsanlegar aðgerðir til að bregðast við hlýnandi loftslagi. Grænfánaverkefnið var kynnt og dæmi um meðhöndlun lífræns úrgangs úr einum Grænfánaskóla. Öll erindin sem flutt voru eru aðgengileg á [vefsíðu sambandsins](#).

Að loknum erindum mynduðu málþingsgestir þrjú umræðuhópa þar sem ræddar voru áherslur í stefnumótun fyrir aukna sjálfbærni og hvaða atriði eða aðgerðir ættu að hafa forgang á næstu árum. Umræður voru mjög líflegar og mörg mismunandi atriði komust á blað hjá hópunum. Allir voru hinsvegar sammála um að fræðsla og menntun um sjálfbærni og möguleika hennar skipti sköpum, og sömuleiðis skýr stefnumótun stjórnvalda, að þau gangi á undan og sýni viljann til að breyta ríkjandi neyslumunstri.

# Sveitarstjórnarkosningar

Í aðdraganda sveitastjórnarkosninga sem fram fara 31. maí 2014 er fróðlegt að greina aðeins niðurstöður síðustu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

Kosningapátttaka árið 2010 var sú lægsta í 40 ár eða 73,5% á landinu í heild og hafði lækkað um 5,2 %-stig frá kosningunum árið 2006. Á tímabilinu 1970 til 2010 var kosningapátttaka mest árið 1974 eða 87,8%. Kosningapátttaka var mismunandi milli sveitarfélaga og skildu 41,3 %-stig milli Kjósarhrepps, þar sem kosningapátttaka var mest 93,7%, og Skorradalshrepps, þar sem hún var minnst 52,4%.



Kjörþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1970–2010.

Til samanburðar má geta þess að kjörþátttaka í alþingiskosningunum árið 2009 var 85,1%, í þjóðaratkvæðisgreiðslu sem fram fór 2010 var kjörþátttaka 62,7% og í forsetakjöri 2012 var kosningapátttaka 69,3%.

Í 18 sveitarfélögum af 76 fór fram óbundið persónukjör en annars staðar var kosningin bundin hlutfallskosning með framboðslistum. Sjálfkjörið var í fjórum sveitarfélögum: Breiðdalshreppi, Djúpavogshreppi, Sveitarfélaginu Skagaströnd og Tálknafjarðarhreppi.

Kjörnir voru 512 sveitarstjórnarmenn í kosningunum 2010 og hafði þeim fækkað um 17 frá kosningunum 2006, en þá voru sveitarfélögin 79.

Konur í sveitarstjórnnum voru kosnar 204 eða 39,8% og karlar 308 eða 60,2%. Eftir

kosningarnar árið 2006 voru konur í sveitarstjórnnum 189 – 35,7% og karlar 340 – 64,3%. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum hafði því hækkað milli kosninga.

Áhugavert er að skoða hvert hlutfall „nýrra“ sveitarstjórnarmanna var eftir kosningarnar 2010. Af þeim 512 fulltrúum sem kjörnir voru reyndust 281 eða 54,9% vera kjörnir

aðalmenn í fyrsta sinn, 111 eða 21,7% í annað sinn og 61 eða 11,9% í þriðja sinn. Við kosningarnar 2006 voru 274 eða 51,8% kjörnir aðalmenn í sveitarstjórn í fyrsta sinn. Athyglisvert er að við kosningarnar 2010 voru aðeins 111 af þeim 274 sem



# KOSNINGAR

kjörnir voru fyrsta sinn 2006 endurkjörnir eða 40,5%. Rétt er að taka fram að einhver hluti þeirra sem kjörnir eru aðalmenn í fyrsta sinn hafa setið sem varamenn um lengri eða skemmri tíma, svo ekki er hægt að segja að þeir hafi allir verið óreyndir sveitarstjórnarmenn.

Þessi mikla endurnýjun sveitarstjórnarmanna vekur auðvitað upp spurningar og það væri verðugt rannsóknarefni hvers vegna svo mikil endurnýjun verður kosningar eftir kosningar. Er það eitthvað í starfsumhverfinu sem veldur þessu? Þarf mögulega að bæta kjör sveitarstjórnarmanna? Hefur sameining sveitarfélaga og meiri fjarlægðir gert mönnum erfiðara fyrir að sinna störfum sveitarstjórnarmannsins? Er áreitið og álagið með þeim hætti að menn gefast upp?

Í einni sveitarstjórn varð 100% endurnýjun frá fyrra kjörtímabili og í einni sveitarstjórn varð engin endurnýjun.

Elsti sveitarstjórnarmaðurinn sem tók sæti í sveitarstjórn 13. júní 2010 var 71 árs og sá yngsti 23 ára. Meðalaldur sveitarstjórnarmanna 512 var 44 ár. Og þegar lítið er til starfsgreina þá voru bændur 84, kennarar og

skólastjórar 43, framkvæmdastjórar 42 og bæjar- og sveitarstjórar 14.

Og til gamans þá bar 21 sveitarstjórnarmaður nafnið Guðmundur, nafnið Jón kom 19 sinnum fyrir, nafnið Sigurður báru 14, Gunnar 10 og kvenmannsnafnið Guðrún báru 9 sveitarstjórnarmenn.

Sá sem lengstan starfsaldur átti í sveitarstjórn var kjörinn í sveitarstjórnarkosningunum árið 1966, Davíð Pétursson, oddviti Skorradalshrepps, og sá sem kemst næst að starfsaldri í sveitarstjórn var kjörinn árið 1978, Guðbjartur Gunnarsson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps.


[Ítarefni má finna á vef sambandsins.](#)

Sveitarfélag	Kjørsókn 2010		Kjørsókn 2006		Breyting
<i>Mest</i>					
Kjósarhreppur	93,7%	B	91,8%	B	+1,9
Mýrdalshreppur	93,2%	B	91,2%	B	+2,0
Eyja- og Miklaholtshreppur	92,8%	Ó	91,7%	Ó	+1,1
Seyðisfjarðarkaupstaður	90,7%	B	87,7%	B	+3,0
Grímsnes- og Grafningshreppur	90,4%	B	85,2%	B	+5,2
Grundarfjarðarbær	90,1%	B	88,3%	B	+1,8
<i>Minnst</i>					
Dalabyggð	65,6%	Ó	86,4%	B	-20,8
Hafnarfjarðarkaupstaður	65,0%	B	73,4%	B	-8,4
Skagabyggð	62,3%	Ó	65,2%	Ó	-2,8
Reykholahreppur	62,0%	Ó	61,4%	Ó	+0,6
Langanesbyggð	59,6%	Ó	84,8%	B	-25,2
Skorradalshreppur	52,4%	Ó	61,7%	Ó	-9,3

Ó = Óbundin persónukosning B = Bundin hlutfallskosning, listakosning

# UMSAGNIR

## Innleiðing fjármálareglna hefur tekist með miklum ágætum



Samband íslenskra sveitarfélaga hefur veitt [umsögn](#) um [stjórnarfrumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum](#), 152. mál. Í frumvarpinu er lögð til breyting á bráðabirgðaákvæði III við sveitarstjórnarlögin, sem varðar meðferð eignarhluta sveitarfélaga í orku- og veitufyrirtækjum, ef þeir fara upp fyrir viðmið í 12. gr. reglugerðar nr. 502/2012, um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Breytingin mun við núverandi aðstæður fyrst og fremst hafa áhrif á útreikning fjárhagslegra viðmiða í einu sveitarfélagi, sem er Reykjanesbær vegna eignarhlutar sveitarfélagsins í HS veitum.

Eins og umrætt bráðabirgðaákvæði er nú orðað er eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skylt við útreikning á afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga að undanskilja útgjöld, skuldir og skuldbindingar þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og/ eða bera umtalsvert meiri skuldir en annars væri vegna eignarhluta þeirra í veitu- og orkufyrirtækjum, í allt að tíu ár frá gildistöku laganna. Markmið ákvæðisins var að koma til móts við sveitarfélög sem ella væri sniðinn þröngur stakkur vegna skuldastöðu veitu- og orkufyrirtækja sem þau eiga eignarhluti í, svo sem Reykjavíkurborg



vegna Orkuveitu Reykjavíkur. Ákvæðið er hins vegar orðað með það fortaklausum hætti að ekki hefur verið talið heimilt að taka reikningsskil veitu- og orkufyrirtækja inn í útreikninga á afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga þótt það yrði viðkomandi sveitarfélagi hagfellt, svo sem ef viðkomandi veitu- og orkufyrirtæki er fjárhagslega stöndugt.

### **Rekstur og skuldastaða sveitarfélaga hefur batnað**

Sambandið styður, að það verði sveitarfélagi valkvætt hvort reikningsskil vegna eignarhluta í veitu- og orkufyrirtækjum verði undanskilin við mat á afkomu og fjárhagsstöðu þess, enda uppfylli það skilyrði ákvæðisins að öðru leyti. Sambandið styður einnig aðrar breytingar sem lagðar eru til á orðalagi ákvæðisins.

Í umsögninni er af hálfu sambandsins bent á að innleiðing fjármálareglna hefur tekist

með miklum ágætum. Ljóst er að rekstur og skuldastaða sveitarfélaga hefur batnað mikið frá gildistöku sveitarstjórnarlaga og eiga hinar nýju fjármálareglur án efa mikinn þátt í þeim viðsnúningi. Sambandið leggur einnig á það áherslu að ríki, sveitarfélög og Alþingi vinni sameiginlega að því verkefni að skapa sveitarfélögunum stöðugt rekstrarumhverfi. Mikilvægt er því að horfa m.a. ávallt á ríki og sveitarfélög sem eina heild þegar lítið er á hagræn og fjárhagsleg áhrif hagræðingartillagna. Sambandið telur að frumvörp til laga um opinber fjármál og um aðgerðir til þess að draga úr reglubyrði atvinnulífs og efla samkeppni feli í sér fyrirheit um bætt verklag við stjórn opinberra fjármála og vandaðra verklag við kostnaðarmat og undirbúning lagasetningar og væntir þess að eiga gott samstarf við ríkisstjórnina og Alþingi um frekari aðgerðir í sama tilgangi.



# SKÓLAMÁL

## Skólaping sveitarfélaga 2013

Skólaping sveitarfélaga var haldið á Hilton Nordica Hótel í Reykjavík 4. nóvember sl. Alls sóttu ráðstefnuna ríflega 200 manns alls staðar að af landinu.

Á skólapinginu var sjónum beint til Danmerkur en þar í landi fara nú fram [grundvallarbreytingar á grunnskólastarfi með nýrri menntastefnu](#) og

vinnutímaskilgreiningu grunnskólakennara. Anders Balle, formaður danska skólastjórafélagsins, var sérstakur gestur á þinginu.

Umræðuhópar þingsins fjölluðu um fýsileika þess að Íslendingar fetuðu þessa dönsku slóð og þær áskoranir sem blasa við í íslenskum skólamálum. Niðurstöður umræðuhópa verða m.a. nýttar við endur-





skoðun áherslna sambandsins í skólamálum og í samningastefnu sambandsins vegna komandi samningaviðræðna.

Öll erindi skólaþingsins voru tekin upp og má sjá þau á vef þingsins: [www.samband.is/skolathing-2013](http://www.samband.is/skolathing-2013) ásamt glærum fyrirlesara.



*Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, Anders Balle, formaður danska skólastjórafélagsins, Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands, og Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, svöruðu fyrirspurnum eftir erindi sín á skólaþinginu.*



## FÉLAGSPJÓNUSTA

# Samvinnuverkefnið „Stígur“

– þjónusta við atvinnuleitendur sem eru án bótaréttar –



*Aðalsteinn Sigfússon, sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar, Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga, og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, handsala samkomulag um verkefnið „Stígur“ á fundi þriðjudaginn 19. nóvember.*

Samband Íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu, og Vinnumálastofnun hafa gert með sér samkomulag um sérstakt verkefni um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru án bótaréttar í atvinnuleysisstryggingakerfinu og njóta fjárhagsaðstoðar frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkefnið hefur fengið nafnið Stígur. Markmiðið með verkefninu er að styrkja viðkomandi einstaklinga í leit sinni að atvinnu og fækka þannig

skjólstæðingum sveitarfélaganna sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda.

Um er að ræða þjónustu við fólk sem ýmist hefur klárað bótarétt sinn til atvinnuleysisbóta undanfarin ár eða hefur af einhverjum ástæðum ekki náð að skapa sér þann rétt. Áætlað er að þjónusta Vinnumálastofnunar taki til um 1.500 einstaklinga á landinu öllu.



Atvinnuleitendum frá sveitarfélögum verður á næstu vikum vísað með formlegum hætti til ráðgjafa Vinnumálastofnunar og fá þeir fastan ráðgjafa hjá stofnuninni. Einstaklingarnir þurfa ekki að fara í gegnum rafræna skráningu með hefðbundnum hætti heldur mæta beint í boðað viðtal til ráðgjafa. Einstaklingarnir fá ekki greiðslur frá Vinnumálastofnun heldur halda sinni fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum en virkni þeirra í atvinnuleitinni kann að hafa áhrif á fjárhagsstuðning þeirra frá sveitarfélögum. Vinnumálastofnun og viðkomandi sveitarfélag munu miðla upplýsingum um það sín á milli sem og um framvinduna í atvinnuleitinni.

Mikilvægur þáttur í verkefninu er að til staðar séu ávallt nægilega mörg starfsþjálfunartækifæri fyrir atvinnuleitendur hjá fyrirtækjum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga en slík þjálfun hefur reynst árangursríkasta aðferðin til að tryggja fast starf í kjölfarið.

Verkefnisstjóri Stígs af hálfu Vinnumálastofnunar er Ragnheiður Hergeirsdóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Suðurlandi.

[Nánar um verkefnið á vef sambandsins.](#)

## Unnið að endurmati á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að endurmati á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Endurmatið er í samræmi við þau ákvæði sem er að finna í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá nóvember 2010 og byggja á bæði faglegum og fjárhagslegum þáttum. Niðurstaða endurmatsins á að liggja fyrir næsta sumar.

Í samkomulaginu var gengið út frá því að rekstrarárin 2011-2013 yrði reynslutími en gengið yrði frá endanlegu samkomulagi um útsvarsstofn og heildarfjármögnun út frá forsendum endurmatsins. Upphaflega var gert ráð fyrir að hlutfall útsvarsprósentunnar myndi ná inn í fjárlög ársins 2014 en samkomulag liggur nú fyrir um að það verði ekki fyrr en við fjárlög 2015.

Fyrir skömmu var sendur til allra þjónustusvæða ítarlegur spurningarlisti um þróun og framkvæmd verkefnisins frá yfirtökunni. Meðal annars á að skoða sérstaklega væntanlega þörf og þróun í búsetumálum, en það er einn kostnaðarsamasti hluti þjónustunnar. Á komandi ári verður gerð sérstök stöðuúttekt á faglegum þáttum þjónustunnar til samanburðar við þá úttekt sem unnin var þegar yfirfærslan átti sér stað.

[Nánar um endurmatið á vef sambandsins.](#)

# KOSNINGAR

## Sveitarstjórnarkosningar í Danmörku



Þann 19. nóvember fóru fram sveitarstjórnarkosningar í Danmörku. Fyrir kosningarnar stóðu danska sveitarfélagasambandið – KL, héraðasambandið – Danske Regioner og danska efnahags- og innanríkisráðuneytið fyrir átaki sem nefnt var **Hugsaðu þig um áður en þú kýst ekki**. Markmið átaksins var að auka kosningabátttöku, en hún hefur farið lækkandi í sveitarstjórnarkosningum í Danmörku á undanförunum áratugum.

Átakinu var sérstaklega beint að ungum kjósendum, en þeir hafa sýnt líttinn áhuga á kosningum í Danmörku. Fengnir voru sex þekktir listamenn, sem höfðu til unga fólksins, og gerðu þeir hver sitt myndbandið sem dreift var á samfélagsmiðlum á netinu og víðar. Fyrirtæki á almennum markaði tóku einnig þátt í átakinu, t.d. McDonalds, verslunardeðjan Dansk Supermarked og ýmis fólksflutningafyrirtæki. Fyrirtækin

skipulögðu kosningasamkomur og hvöttu starfsmenn sína og viðskiptavini til þess að nýta kosningaréttinn.



Sveitarfélögin í Danmörku annast alla umsýslu með utankjörfundaratkvæðagreiðslum og flest þeirra voru með einhverjar aðgerðir til þess að auðvelda fólki að kjósa utan kjörfundar. Settir voru upp utankjörfundarbásar á stöðum þar sem búast mátti við fjölmenni, verslunarstöðum, veitingahúsum og samkomustöðum





ungs fólks. Þó nokkur sveitarfélög settu upp utankjörfundaraðstöðu í bílum sem óku á milli staða. Danska kosningalöggjöfin heimilar fólki að kjósa utankjörfundar þó það verði heima á kjördag og eigi heimangengt, en utankjörfundaratkvæðagreiðslu lýkur þremur dögum fyrir kjördag. Utankjörfundaratkvæði voru að þessu sinni tvöfalt fleiri en við sveitarstjórnarkosningarnar 2009.



Kosningabátttakan í kosningunum 19. nóvember var 71,9% og var því 6,1 %-stigi hærri en í kosningunum 2009 þegar kosningabátttakan var 65,8% á landsvísu. Það þarf að fara allt aftur til ársins 1981 til þess að finna hærra

hlutfall kosningabátttöku. Undantekning frá þessu er þó árið 2001 þegar sveitarstjórnarkosningar og þingkosningar í Danmörku voru samtímis og þá var bátttakan 85%.

Formaður danska sveitarfélaga-sambandsins, Erik Nielsen, hefur lýst mikilli ánægju sinni með þessa auknu kosningabátttöku og þakkar það m.a. áttakinu **Hugsaðu þig um áður en þú kýst ekki**.

## Undirbúningur kjaraviðræðna 2014

Þessa dagana er unnið að gerð viðræðuáætlana við þau stéttarfélög háskólamanna sem eru með lausa kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga í lok janúar 2014. Um er að ræða 23 stéttarfélög, sem flest eru innan KÍ og BHM. Formlegar kjaraviðræður hefjast í byrjun desember.



## Kynning á starfsmönnum sambandsins



**Sigríður Inga  
Sturludóttir**

Sigríður hóf störf á rekstrar- og útgáfuviði 1. febrúar 1996.

Sigríður sinnir símsvörun og símhringingum fyrir sambandið og samstarfsstofnanir þess, annast ýmis tilfallandi ritarastörf, sér um fundarbókanir í fundarherbergji og sinnir innkaupum og frágangi í eldhúsi.



**Gunnlaugur A.  
Júlíusson**

Gunnlaugur hóf störf á hag- og upplýsingasviði 1. ágúst 1999.

Gunnlaugur ber ábyrgð á og stýrir verkefnum sem lúta að upplýsingaöflun, úrvinnslu, miðlun og útgáfu á rekstrar-, efnahags- og hagrænum upplýsingum úr starfsemi sveitarfélaganna. Sinnir margvíslegri hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin og tekur þátt í samstarfi ríkis og sveitarfélaga á sviði efnahagsmála og reikningsskila sveitarfélaga.



**Jóhannes Á.  
Jóhannesson**

Jóhannes hóf störf á hag- og upplýsingasvið 16. september 1996.

Jóhannes annast söfnun og úrvinnslu ýmissa hagrænna upplýsinga er varða sveitarfélögin. Upplýsingagjöf, ráðgjöf og útgáfu ýmissa rita. Tilfallandi rannsóknarstörf um málefni sveitarfélaga. Samskipti við opinberar stofnanir sem tengjast sveitarfélögunum.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
2013/29

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi að heimildar sé getið.*